



Bústólpamót UMSE í frjálsíþróttum

UMSE mun á næstu dögum halda létt og skemmtilegt mót. Mótið fer fram á tveim kvöldum á tveim stöðum. Mótið er opið öllum.

Fyrri dagurinn er **20. júní** og fer fram á **Æskuvelli á Svalbarðseyri**.
Seinni dagurinn er **26. júní** og fer fram á **Dalvíkurvelli**.

Á Æskuvelli er keppt í eftirtöldum flokkum og greinum beggja kynja:

- 9 ára og yngri: 60m og boltakast
- 10-11 ára: 60m og boltakast
- 12-13 ára: 60 m og hástökk
- 14-15 ára: 100 m og hástökk
- 16 ára og eldri: 100 m og hástökk

Á Dalvíkurvelli er keppt í eftirtöldum flokkum og greinum beggja kynja:

- 12-13 ára: Kúluvarp og sleggjukast
- 14-15 ára: Kúluvarp, sleggjukast og kringlukast
- 16 ára og eldri: Kúluvarp, sleggjukast og kringlukast

Skráning á mótið fer fram á mótaforriti FRÍ (mot.fri.is).

Þáttökugjald er 500.- kr. á hverja grein.

Búið er að opna fyrir skráningu á mótaforritinu og drög að tímaseðli er einnig birt þar.

Skráningu fyrir keppni á Æskuvelli (20. júní) lýkur **kl. 20:00 19. júní**.

Skráningu fyrir keppni á Dalvíkurvelli (26. júní) lýkur **kl. 20:00 25. júní**.

Endanlegur tímaseðill mun liggja fyrir þegar skráningu er lokið.

Kveðja
Frjálsíþróttanefnd UMSE